

Svar

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaaætlunar 2006?*

Í dóms- og kirkjumálaráðuneyti hefur markvisst verið unnið að því að efla og styrkja sýslumannsembætti utan höfuðborgarsvæðisins. Verkefni hafa þegar verið flutt frá ráðuneytinu til sýslumannsembættis, sbr. meðal annars heimildir í nýsamþykktum lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna flutnings verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembættis, nr. 143 15. desember 2006, sem gildi tóku 1. janúar 2007. Eins og sjá má af eftirfarandi töflu er um töluverðan fjölda verkefna að ræða.

Verkefni	Umfang	Staðsetning
Útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs	Ritsstjóri: 30% starf Ritsstjórnarfulltrúi: 1 staða	Útgáfa Lögbirtings hefur verið flutt til Víkur (1. jan. 2007)
Innheimta sekta og sakarkostnaðar	Alls 11 stöður eru við innheimtumiðstöðina	Innheimtumiðstöð hefur verið komið á fót á Blönduósi (2006)
Fullnusta norrænna refsídóma		Hjá innheimtumiðstöðinni á Blönduósi (2006)
Framleiðsla vegabréfa	5 stöður	Hjá sýslumanninum í Keflavík (2006)
Málefni bótanefndar	Formaður: 15% starf Starfsmaður: 1 staða	Hjá sýslumanninum á Siglufirði (2006)
Ættleiðingaleyfi	80% starf	Hjá sýslumanninum í Búðardal (1. jan. 2007)
Kaupmálaskrá	5% starf	Hjá sýslumanni Snæfellinga (1. jan. 2007)
Löggilding fasteignasala	30% starf	Hjá sýslumanninum í Hafnarfirði (1. jan. 2007)
Staðfesting skipulagsskráa og eftirlit með sjóðum	25% starf lögfræðings	Hjá sýslumanninum á Sauðárkróki (1. jan. 2007)
Happdrættisleyfi Eftirlit með spilakössum	Að minnsta kosti 20% starf	Hjá sýslumanninum á Hvalsvellu (1. jan. 2007)
Útgáfa leyfa og eftirlit með útfarapjónustum	5% starf	Hjá sýslumanninum á Hólmavík (1. jan. 2007)
Dómtúlkur og skjalapýðendur, löggilding	5% starf	Hjá sýslumanninum á Hólmavík (1. jan. 2007)

2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Framangreindur flutningur á verkefnum frá ráðuneytinu til sýslumanna þykir hafa tekist vel. Hefur stjórnsýslustigi verið bætt við afgreiðslur mála í þessum málaflokkum og horfir það til aukins réttaröryggis. Auk þess hefur upplýsingatækni fleygt fram og því er ekki loku fyrir það skotið að flytja megi fleiri verkefni frá ráðuneyti til sýslumanna. Hefur því verið ákveðið að ráðast í enn frekari skoðun á því hvaða önnur verkefni þykja til þess fallin að færa til sýslumannsembættis á landsbyggðinni.